



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2017-020U003**

Dagsetning: **5. mars 2017**

Staðsetning: **Grindavíkurvegur við Gíghæð**


Atvik: **Bílfelta**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 5. mars 2017 var Toyota bifreið ekið suður Grindavíkurveg. Ökumaður bifreiðarinnar missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði utan vegar og valt. Ökumaður, sem var ekki spenntur í öryggisbelti, kastaðist út úr bifreiðinni og lést af völdum fjörláverka. Ökumaður var undir áhrifum áfengis og svefnlyfja þegar slysið átti sér stað.

Staðsetning



Helstu upplýsingar

Látin:

45 ára kona

Veður og birta:

Hiti 2°C, A 7 m/s, myrkur

Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst
Meðaltalsumferð á sólarhring er 3600 ökutæki

Tími sólarhrings:

Á milli klukkan 1 og 2 að nóttu.

Ökutæki:

Toyota Avensis bifreið nýskráð árið 2002

Lýsing á slysi

Rétt fyrir kl 2 að nóttu þann 5. mars 2017 urðu vegfarendur á leið um Grindavíkurveg varir við óvenjuleg hjólför eftir bifreið á veginum. Við nánari skoðun sáu þeir Toyota bifreið utan við veginn sem hafði oltið.

Á þessum tíma var austanátt með um 7 m/s vindhraða, hiti um 2°C og engin úrkoma.

Ökumaður Toyota bifreiðarinnar var einn á ferð á leið til Grindavíkur þegar hann missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum og valt.

Engin vitni voru að slysinu. Ummerki á vettvangi bentu til þess að ökumaður hafi misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún byrjaði að snúast rangsælis miðað við akstursstefnu. Hjólför í snjó meðfram akbrautinni og á veginum gáfu til kynna að hægri afturhjól bifreiðarinnar hafi farið út fyrir veginn hægri megin miðað við akstursstefnu á meðan bifreiðin var í snúningi. Bifreiðin var síðan komin í um 90° hliðarskrið þegar hún fór útaf veginum vinstra megin þar sem hún rann nokkra metra í snjó utan við veginn áður en hún valt nokkrum sinnum.

Ökumaður, sem var ekki með öryggisbelti spennt, kastaðist út úr bifreiðinni og lést af völdum fjöláverka.



Mynd 1: Mynd sem sýnir för frá vinstri þar sem bifreiðin rennur í snjónum og í framhaldi för eftir bifreiðina þar sem hún er byrjuð að valta. Rauður hringur sýnir hvar bifreiðin stöðvaðist.

Áverkar

Ökumaður var ekki spenntur í öryggisbelti og kastaðist út úr bifreiðinni þegar bifreiðin valt. Hlaut ökumaður banvæna fjölværka. Rannsóknarnefndin telur mögulegt að ökumaður hefði lifað slysið af hefði hann notað bílbelti þar sem aflögun á yfirbyggingu bifreiðarinnar var ekki mikil.

Ökutækið

Bifreiðin var af gerðinni Toyota Avensis og var nýskráð árið 2002. Hún var færð í lögbundna skoðun í febrúar árið 2016 og fékk fulla skoðun. Athugasemd var gerð um útilegu í hemlum og krafist lagfæringar. Bifreiðin var útbúin ónegldum vetrarhjólborðum.

Skoðun á bifreiðinni eftir slysið leiddi í ljós að stimpill í hemladælu á hægri framhjól bifreiðarinnar var fastur og þar með engin hemlageta á því hjóli. Bifreiðin var því ekki í ökuhæfu ástandi vegna ástands hemla.

Ekki er hægt að útiloka að ójafnir hemlakraftar bifreiðarinnar hafi getað átt þátt í slysinu.

Bifreiðin skemmdist nokkuð mikið ökumannsmegin að framanverðu og brotnaði hliðarrúða hjá ökumanni. Framrúða brotnaði en hélst í límkantinum. Skemmdir urðu á burðarvirki bifreiðarinnar við A-póst (gluggapóstur við framrúðu) ökumannsmegin en aflögun inn í ökumannsrými var ekki mikil.

Ökuhraði

Leyfður hámarkshraði á vettvangi er 90 km/klst við bestu aðstæður. Útreikningur á hraða bifreiðarinnar bendir til þess að hraði hennar rétt fyrir slysið hafi verið á bilinu 100 til 135 km/klst.

Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn á beinum kafla upp litla hæð. Hálfbrotin lína aðgreinir akstursáttir og óbrotin lína er í vegöxlum. Rifflur hafa verið fræstar í veginn bæði í miðlínu og út við vegöxlina. Vegbreidd eru um 7 metrar. Vegurinn var hálkulaus þegar viðbragðsaðilar komu á vettvang og gögn úr nálægum veðurstöðvum sýndu að veður og hiti hafði lítið breyst frá því á milli klukkan eitt og tvö þegar slysið er talið hafa átt sér stað. Snjór var á jörðu umhverfis veginn.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknna sýndu að ökumaður var undir verulegum áhrifum áfengis þegar slysið varð. Ökumaðurinn var einnig undir áhrifum svefnlyfs. Styrkur þess í blóði var við eitrunarmörk.

Orsakagreining

- Ökumaður bifreiðarinnar var óhæfur til aksturs vegna ölvunar og svefnlyfja
- Ökumaðurinn var ekki spenntur í öryggisbelti
- Bifreiðinni var ekið of hratt
- Bifreiðin var í ökuhæfu ástandi



Ábending

Undanfarin ár hefur ölvunarakstur verið algeng orsök banaslysa í umferðinni. Eins og alþekkt er hafa vímuefni áhrif á dómgreind neytenda og skynjun umhverfis. Áfengismagn í blóði þarf ekki að vera mikið til að áhrifin skerði einbeitingu hins ölvada, sjónsvið minnkar og fjarlægðarskyn versnar. Eftir því sem ölvun eykst, lengist viðbragðstími og hreyfistjórnun og rökvísi skerðast. Ökumaðurinn í þessu slysi var einnig undir áhrifum svefnlyfs. Áfengi og svefnlyfið geta aukið slævandi og miðtaugakerfisbælandi áhrif hvors annars.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa ítrekar fyrri ábendingar um ölvunarakstur. Ökumenn sem setjast ölvadir undir stýri skapa öðrum og sjálfum sér mikla hættu. Akstur eftir áfengisdrykkju eykur líkur á alvarlegum slysum og brýnt að allir séu á varðbergi gagnvart þessari hættu.

Að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa er nauðsynlegt að koma þeim skilaboðum á framfæri við ökumenn að þeir aki ekki undir neinum kringumstæðum eftir að hafa neytt áfengis né undir áhrifum lyfja sem hafa áhrif á akstur.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Nína Petersen

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Brynjar Stefánsson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 19. október 2018
Rannsóknarnefnd samgönguslysa